

Nr. 121 / 10 Goðafoss***Skipverji slasast á hendi***

IMO.nr. 9086796
Smíðaður: Frederikshavn Danmark 1995, stál
Stærð: 14.664 BT
Mesta lengd: 165,60 m
Breidd: 28,60 m Dýpt: 8,95 m
Vél: MAN B&W 7S60MC 14.800 kW, 1995
Fjöldi skipverja: 13



Goðafoss©Hilmar Snorrason

Gögn:

Úrdráttur úr leiðarbók

Slysaskrá frá skipi

Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 8. apríl 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Jóhanni Ársælssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 16. september 2010 var Goðafoss á siglingu frá Reykjavík til Reyðarfjarðar. Veður: NNA 8-10 m/s.

Skipverji sem var að vinna við hreinsun málningsprautu ætlaði að hreinsa sigti úr henni með háþrýstidælubúnaði. Hann hélt á sigtinu í hægri hendi og sprautaði á það til að losa um óhreinindin en þá snérist sigtið í hendi hans og lenti bunan á henni. Bunan skarst inn í litla- og vísifingur og varð af svöðusár á litla fingri.

Stýrimaður bjó um sárin og eftir komu til Reyðarfjarðar var slasaði sendur til læknis til frekari aðhlyningar en var talin vinnufær til léttari starfa.

Við rannsókn kom fram:

- að sigtið sem verið var að hreinsa hafði legið í þynnisbaði til að lina óhreinindi og harðnaða málningu. Sigtíð var sívalur nethólkur um 2 ½'' að þvermáli og um 3'' að lengd og átti að skrúfast inn í rörhólk á málningasprautunni. Það var því bæði erfitt að halda á sigtinu og nota verkfæri til að halda því föstu. Þá var einnig erfitt að koma handverkfærum að til hreinsunar;
- að háþrýstidælan var stillt á 180 bara hámarksþrýsting en stilling til þrýstiminnkunar er í byssuskafinu og að sögn slasaða hefði hann getað minnkað þrýsting áður en hann byrjaði að sprauta.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var óvarkárni við meðferð háþrýstibúnaðar.